

Axel V. D. Diego

Tilgangur; trúar, listar
og lífsins.

ÚRDRÁTTUR

Áhrifavaldar lífsins og listarinnar eru skoðaðir út frá því sem hefur áhrif á okkur sem einstaklinga og sem samfélag, því samfélag getur aldrei verið án einstaklinga. Til að sjá samhengið í hlutunum þurfum við að reyna að sjá í upphafið, rekja okkur til baka í hugmyndafræðilegu ættartré. Til að skilja okkur sjálf sem einstaklinga þurfum við einnig að beita sömu aðferðum, skoða hvað liggur að baki hugsuninni, rekja okkur til baka í upphafið. Uppeldið sem varð til þess að ákveðin lífsleið er farin. Hvernig byrtist það sem við erum í því sem við gerum.

Listaháskóli Íslands

Myndlist

Axel V. D. Diego

Tilgangur; trúar, listar
og lífsins.

Leiðbeinandi: Hlynur Helgason

28. janúar 2011

TRÚARLEGT UPPHAF	3
MITT UPPHAF Í SAMHENGI	4
UPPHAF ALLS	5
TILVERAN Í LÍKAMA	6
LISTRÆNT LÍF	7
LÍKAMINN Í LISTINNI	8
SKYNFÆRI, SKYNJUN LISTARINNAR.	9
MÍN LIST	10
BREAKFAST OF CHAMPIONS (2009)	11
<i>Extraordinary</i>	12
HAPPY – FEELING (2010)	12
BRENNIFÓRN (Í NAFNI LISTARINNAR) (2010)	13
FRELSARINN (2010)	14
NIÐURLAG	15
HEIMILDASKRÁ	16

Trúarlegt upphaf

Listin í mínu lífi hefur verið tengd mínu trúarlega uppeldi, fyrst með myndefni, sem ég horfði á að minnsta kosti þrisvar sinnum í viku á samkomum Votta Jehóva, síðan í mótþróa og nú í einhverskonar úrvinnslu. Úrvinnslu sem fellst í að reyna að komast fram hjá hinum miklu böndum trúarinnar með því að skilja hvað að baki henni og hvaða áhrif voru virkilega innprentuð á mig sem barn. Nú sem ungur maður er ég vonandi kominn nægilega langt frá uppruninum og kannski loksins kominn með nægilega fjarlægð til að geta gert upp æskuna á gagnrýninn og hlutlausann hátt. Í blóma æsku minnar var ég einsog áður sagði ákaflega innblásinn af biblíusögum, af óttanum við það að óhlýðnast Guði og foreldrunum. Að reyna að lifa í samræmi við *ávexti andans*¹ hafði sömuleiðis áhrif á allt sem ég gerði að einhverju leyti, síðar eftir að ég fór í út í þær hugleiðingar að fara að skýra mig *niðurdýfingar skírn* inn í „sannleikann“² þá fannst mér ég þurfa að komast að því afhverju ég ætti að gera það og vera fullviss um að ég myndi vera að gera það af réttum ástæðum. Er það rann upp fyrir mér hversu hlutdrægur og áróðurskenndur „sannleikurinn“ er, sem kristallast í því að tala um trú sína sem „sannleikann“, var ekki snúið aftur á braut „sannleikans“

Líf hinna kristnu manna á að vera einfalt, undan skilið frá óþarfa áhyggjum á þessu jarðneska lífi. Því hið eiginlega líf og tilgangur lífsins á að koma eftir þetta heimskerfi. Í paradís á jörð eiga hinir aðrir sauðir eftir að lifa eilíflega í paradís á jörð en bara hafi þeir uppfyllt vilja guðs³. Allar þessar staðhæfingar sem trúarbrögð hafa komið með um vilja guðs eru til þess fallin að með þeim mikla fjölda útskýringa á því hver sá vilji er að ekki er í raun hægt að segja með vissu hvað sé vilji guðs né vita það með fullvissu, það sem ég segi hér sem vilja guðs er þá innan þess sem Vottar Jehóva telja vera vilja Guðs og forsenda þeirra fyrir því að lífið hafi tilgang sem sköpunarverk Guðs. Því er áhugavert að sjá í því sambandi hvað það er sem þeir segja um lífið; hvernig eigi að lifa því, hvernig beri að líta á líkamann og tilhvers hann er til. Ég kem til með að rétt stikla á stóru yfir trúarkenningar Votta Jehóva, til að gefa smá innsýn í hvaðan þessar hugmyndir koma til mín en ekki til að dæma þær réttar né

¹ Ávextir andans eru samkvæmt Galatabréfinu 5:22-23: Kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og bindindi.

² Vottar Jehóva tala iðulega um trú sína sem „sannleikann“

³ *Hvað kennir biblían í raun og veru?* (Watchtower Bible and Tract Society of New York, 2005), kafli. 9.

rangar. Einnig mun ég koma inn á fordæmingu líkamans, hvaða afleiðingar það hafði á mannkynið að taka upp breitt lífsviðhorf. Hvernig myndum við okkur sem einstaklingar okkar persónuleika? Hvaða áhrif hafa tilfinningar á okkur og hvað hefur áhrif á tilfinningarnar hjá okkur?


Mitt upphaf í samhengi

Mín fyrstu kynni af teikningum og málverkum sem ég man eftir eru myndskreytingar í biblíurítum Votta Jehóva, þær myndir voru ávallt að sýna mér hvernig lífið átti að verða í paradís, sem vottar Jehóva trú á að komi á jörðu eftir harmagedón, eða þá að sýna þær afleiðingar sem „slæmt líferni”

hefur í för með sér. Jafnvel þótt trúin á helvíti sé ekki partur af trú votta þá er það sú vonleisa að eiga ekki möguleika á því að komast inn í hið fullkomna eilífa líf í paradís, þegar fullkominn friður og algert jafnvægi koma hugsanlega til með að ríkja á jörðinni.



Frá þeim tíma svo er ég fór að hafa áhuga á að skoða og gera myndlist, þá hafa biblíumyndir frá æskunni minni ávallt setið í mér, en sem málverk fannst mér þessar myndir vottanna ekki áhugaverðar. Enda eru þær málaðar sem áróðursboð, segja hvað sé rétt og hvað er rangt og einnig til að gefa trúar iðkendum von. Það er líkt og þau vilji setja sig á stall til þess að miðla til hinna sem ekki „þekkja sannleikann” líkt og þeir hafi svörin við öllu. Það er stór partur af trúariðkun Votta Jehóva að kunna svör við öllum þeim helstu spurningum og vangaveltum sem hægt er að snúa inn á svið biblíunnar. *Boðunarskólinn* sem er vikulega á dagskrá hjá söfnuðum þeirra út um allan heim kennir réttan talsmáta og framkomu, hvernig hægt sé að rökstyðja mál sitt með biblíunni. Þaðan hef ég minn grunn í ræðuhöldum og biblíulegri umræðu. Ég byrjaði um 7



ára að lesa upp ritningarstaði á samkomum Votta Jehóva sem síðan þróaðist með tímanum í ræðuskrif, við þessi ræðuhöld þarf ávallt að uppfylla ákveðin verkefni svo sem rétta raddbeitingu, réttar áherslur og góð líkamsstaða. Að koma rétt fram er mikill hluti af trúboði Votta Jehóva. Þegar ég lýt til baka yfir þann tíma, þá var það einsog gjörningur fyrir mér. Ég hafði áhuga á þessu en ég trúði ekki því sem ég var að segja

eða predika milli húsa, því var ég fljótur að koma mér upp grímu sem ég bar er ég fór á milli húsa í boðunarstarfinu eða inná samkomustaði Votta Jehóva. Sú gríma sem þóttist viss í sinni sannfæringu því hvernig er hægt að prédika það sem maður eigi trúir sjálfur.

Upphaf alls

„Líf hefur alltaf verið, vegna þess að Jehóva Guð er lifandi Guð, lífsins brunnur, hann hefur ekkert upphaf né endi.“⁴ „Sem jarðneskt líf nær hugtakið yfir lifandi hluti sem búa yfir lífi, sem yfirleitt er fært um að vaxa, stunda efnaskipti, bregðast við utanað komandi áreiti og fjölga sinni tegund.“⁵ Fyrir mér er sú aðferðafræði og hugsun að setja eina veru eða Guð sem einhvern lifandi kraft sem við getum ekki séð en getur engu að síður haft áhrif á okkar efniskennda heim, ekki allveg trúanlegt mér finnst líkt og það sé eitthvað að gleymst í slíkri hugsun. Er sköpun af hendi guðs fjarstæðukennd? Eða er líklegra að líf hafi komið til jarðarinnar frá fjarlægum plánetum og hrapað hingað niður með loftsteinum? Fyrir mér er þetta ennþá dulinn ráðgáta, einhverstaðar þarna er sannleikurinn bakvið það hvernig allt sem er varð. Fyrir mér gætu vísindin allt eins verið að útskýra hvernig guð fór að því að skapa heiminn. Frá báðum hliðum er ávallt eitthvað sem hindrar það að við getum vitað allan sannleikann. Vísindin eru að leita að „sérstöðupunktinum“ (*singularity*) meðan trúin leitar að guði, sem upphafi alheimsins. Við mannfólkið erum svo lífílmáttleg frammi fyrir tilverunni að sem einstaklingar erum við ávallt að leita eftir tilgangi með lífinu eða einhverji fullvissu um að það sé tilgangur með þessu öllu saman. Til að átta okkur aðeins á hvað tilveran í trúnni er, þá skoðum við orð William James sem hann tekur saman í lok bókar sinnar *The Varieties of Religious Experience: A Study in Human Nature*:

Trúarlíf í víðum skilningi og einkenni þess:

1. Hinn sjáanlegi heimur er partur af stærri yfirnáttúrulegri veröld sem dregur fram í heiminum hans megin einkenni.
2. Sameining eða samhljóma tenging við þennan hærri heim er okkar sanni endir.
3. Bænin eða innri játning við anda þessa hæri heims, hvort sem andinn er „Guð“ eða „vitund“, er ferli þar sem innt er af hendi raunveruleg vinna, og máttur

⁴ *Insight on the Scriptures Vol. 2* (Watchtower Bible and Tract Society of New York, 1988), 246.

⁵ Sama., 245.

andans (*spriritual energy*) flæðir í gegn og knýr fram hughrif, sálfræðileg og efnisleg, í skynjuðum heimi (*phenomenal world*).⁶

Við sjáum að ef þetta er sameiginlegt með trúarbrögðum, þá eiga öll trúarbrögð margt sameiginlegt, jafnvel meira en bara Abraham og einhvern guð. Samt sem áður er klofningur og margvísleg ágreiningsmál, sem leiða til þess að fólk hópast saman um svipaðar skoðanir, fjöldskyldu hefðir og fer oft að trúa á þær í blindni. Flest okkar leitum við eftir hóp til að samsvara okkur við, einhverju til að tilheyra. Trúfélög voru og eru enn í dag félagsmiðstöðvar fyrir fólk sem leitar að tilgangi lífins, og telur sig oft finna hann í trúnni. Það er svo allt annað mál hvort það sé réttur tilgangur eða ekki, ég læt það liggja milli hluta.

Tilveran í líkama

Allt sem kvíkt er á jörðinni á það sameiginlegt að hafa einhverskonar líkama, eitthvað form sem greinir það frá umhverfinu. Jafnt mannverur sem einfrumungar hafa einhvern líkama. Sem vitibornarverur getum við mannfólkið velt fyrir okkur hvað líkami er. Paul Valéry talar um *Þrjá líkama* sem eru algengir í hugmyndafræðilegu samhengi. Hinn fyrsti líkami eða sá líkami sem við hugsum um sem „minn líkama” (*My Body*) „sá líkami sem er nú hér á þessu augnabliki. Hann er okkur mikilvægasti hlutur í heiminum, í honum stöndum vér andspænis umheiminum sem við erum þó innilega háð. Við getum sagt að umheimurinn sé byggður á honum og er til í samhengi við hann.”⁷ Okkar annar líkami er „sá sem aðrir sjá og mætir okkur að einhverju leyti í speglinum eða myndum. Það er sá líkami sem hefur form og er upphafinn í listunum. Hann þekkir ekki sársauka, því sársaukinn er dreginn saman í grettu andlitsins.”⁸ Þá er það þriðji líkaminn, sá sem fær heildarsvip aðeins í hugsun okkar, þar sem við þekkjum hann einungis vegna þess að við höfum krufið hann og sundurtætt. Hann er líkami vísindanna, krufinn niður í smæstu eindir og settur undir smásjána.⁹ Öllum okkar þáttum er komið fyrir í viðeigandi fræðigreinum vísindanna,

⁶ William James, *The Varieties of Religious Experience: A Study in Human Nature* (Wilder Publications, 2007), 340.

⁷ Paul Valéry, “Some Simple Reflection on the Body,” í *Fragments for a history of the human body. Part Two*, ed. Michel Feher (New York: Zone, 1989), 398.

⁸ Sama., 399.

⁹ Sama., 400.

allt frá skynjun okkar til hugsana, frá frumum til sálarlífsins. Vísindin eru að leita svara við spurningum lífsins, reyna að skilja hvað allt er og hvert hlutverkið sé. Trúarbrögð hafa verið í því hlutverki að leita svara við þessum sömu spurningum frá örófi alda, þótt trúarbrögð láti tilstuðlan guða, anda eða aðra æðri máttar afla, spila inn í á öllum sviðum.

Listrænt líf

Fyrir mér hefur listin verið mitt athvarf í lífinu, þar sem ég get skoðað og gert það sem hugurinn vill og verið, því sem næst, frjáls. Listin er frjáls athöfn með hlutverk í samfélaginu¹⁰. Upphaf listarinnar í mannkynssögunni hófst hægt og rólega, listaverk (*work of art*) komu til lífsins. Vinna er búin að fylgja mannkyninu í hundruðir þúsundir ára, en það var ekki fyrir tilkomu vinnu sem listaverk eiga rætur sínar, heldur „má rekja dögum listarinnar til upphaf leiks (*play*)“.¹¹ George Bataille kemst að þessari niðurstöðu þegar hann er að rýna í sögu listarinnar. List frummannsins hefur fært okkur vitneskju um hans erótíska líf.¹² Sú göfuga tilfinning sem hefur verið nefnd „ásthneigð“ (*eroticism*) hefur fylgt mannum frá alda öðli, í formi meðvitaðra ákvarðana um kynlíf til fjölgunar mannkynsins, til kynlífs sem leið til ánægju¹³. Til að gera langa sögu stutta: kynlíf og ásthneigð voru fordæmd af hinu trúarlega samfélagi, sem hefur á vissan hátt úrkynjað mannlegt samfélag, komið á ójafnvægi milli kynja og kynþátta.¹⁴ „Með því að útskúfa ásthneigð frá trúnni dró maðurinn trúna niður í nytjahyggju siðferði. Þegar ásthneigð missti sinn helga sess, varð hún óhrein.“¹⁵

Í ljósi þessarar fordæmingar líkamans og náttúrulegs eðlis mannsins er kannski ekki að furða að listin þurfti að brjótast út úr klisju trúarbragðanna. Þáttur í uppreisn líkamans má sjá hjá gjörningslistamönnum, um árið 1960. Þegar líkaminn var tekinn á nýtt svið innan listarinnar, hann var tekinn beint til fjöldans án milligöngu aðila.

¹⁰ LAURENCE DAVIS, “Morris, Wilde, and Le Guin on Art, Work, and Utopia.,” *Utopian Studies* 20, no. 2 (Júní 2009): 213-248.

¹¹ Georges Bataille, *The tears of Eros* (San Francisco: City Lights Books, 1989), 46.

¹² Sama., 31.

¹³ Sama., 42.

¹⁴ Sama., 79.

¹⁵ Sama., 74.

Líkaminn í listinni

Getur líkaminn einhvern tíman staðið utan við listina, getur listin orðið til ef ekki er fyrir tilstilli líkamans? Oft er talað um samspil hugar og handar, samhæfingu og jafnvel færni. Að hafa slíka stjórn yfir líkamanum og huganum að geta teiknað og mótað, dansað og sungið. Einnig hefur líkaminn verið mjög hugfangið efni listamanna allt frá örófi alda, allt frá þeim fyrstu myndum sem oft er kennt sem upphaf myndlistar til að mynda *Venus frá Willendorf* og *Lascaux* hellirinn í Frakklandi. Í þeim helli er mikið af dýra myndum og ein mynd af líkama, sem George Bataille lýsir sem töfralækni (*shaman*) er liggur með kynfærin stinn af blóði við hlið ný drepins vísunds¹⁶, sem hefur haft gildi fyrir trú þeirra á náttúruna, móðir jörð eða guð, sem gefur okkur allt en getur líka tekið til baka það sem hún gaf. Allt í gegnum listasöguna er hægt að sjá ummerki mannlíkamans, hvort sem hann hafi verið notaður sem myndefni eða notaður til að halda verkfærinu sem vinnur með efnið. Dans, leiklist, gjörningar, skúlptúrar, málverk og allt annað sem við getum talið tilheyra undir listina er ná tengt líkamanum. Því var það ekkert sérstaklega undarleg breyting á sjöunda áratugnum þegar listamenn fóru að mótmæla römmum myndlistarinnar, galleríum og söfnum, og vildu taka listina beint til áhorfendanna. Þetta kom kannski einsog sjokk upp á hinn grunlausa almenning en í samhengi við listina og lífið á þeim tíma má segja að þetta hafi átt að gerast.

Frá örófi alda hefur tilgangur listarinnar verið að miðla einhverju sem er okkur æðra niður á okkar plan. Kirkjan hefur verið dugleg við að dreifa út boðskap sínum með hjálp listamanna, jafnvel *Lascaux* hellirinn fyrr nefndur þar sem töfralæknirinn liggur við hlið bísundsins telja sumir að sé skrásetning á trúarathöfn, friðþæging fyrir það að hafa drepið vísundin. Það þekkist enn meðal frumstæðra ættbálka að þær leiti sér friðþægingar með helgiathöfnum eftir að hafa slátrað dýri.¹⁷

Friðþægingar er víða leitað, oft á tíðum geta listaverk virkað sem friðþæging fyrir tilfinningar listamannsins. Útrás fyrir tjáninguna, útskýringar á hugsunum. Það er langt í þá línu sem ég get dregið í kringum listina til að ná henni í einhverskonar flokkuð mengi, í tímans rás má sjá hvernig listin hefur tekið breytingum samhliða samfélagslegum og tæknilegum framförum. Sú helsta lína er ég get dregið getur á einhvern hátt verið skilgreind með tillit til þeirra skynfæra sem listin höfðar.

¹⁶ Sama., 36.

¹⁷ Sama., 37.

Skynfæri, skynjun listarinnar.

„Skynjun okkar er flokkuð eftir lífærum líkamans sem sjá um virkni þeirra, þar af leiðandi er þeim skipt niður í fimm skilningsvit. Ásamt skiptingu eftir líffærum er einnig munur á ytri hlutum, einnig í innri meðvitund okkar. Því eru viðfangsefni sjónar önnur en þau er viðkoma lykt. Til frekari útskýringar má segja að eiginleikar og áhrif sem orsaka sjónræn áhrif frábrugðin þeim eiginleikum sem orsaka lykt, bragð eða hljóð.“¹⁸ Við byggjum allt í kringum okkur upp á skynjun, við þekkjum ekki heiminn öðruvísi en með skynfærunum okkar, á móti er þörf á þekkingu til að meta það áreiti sem við skynjum¹⁹. Skynfærin eru okkar helsta tenging við umheiminn. Með augunum virði ég fyrir mér náttúruna upplýsta af sólinni, heyrir í lækjarniðinum, finn ilminn af blómunum og grasinu, bragðið af berjunum sem ég tíni upp í mig þegar ég geng berfættur í grasinu og finn hvernig grasið og kaldur vindurinn leikur um hörund mitt. Við sem höfum öll skynfæri virk getum sett okkur í þessi spor, getum ímyndað okkur þessar aðstæður í heild sinni. Í huga okkar búa minningar af líkum atburðum, sem við getum endurupplifað og rifjað upp. Vísindin eru búin að greina skynjun niður í einhverskonar bylgjur, ljósbylgjur frá sólinni endurvarpast af grasinu og blóminu inn til stafanna og keilnanna í augum okkar sem senda svo boðin af tíðnunum sem bárust upp til heilans þar sem myndin af þeim verður til. Sama má segja um heyrina, en í stað ljósbylgna þá er um að ræða mun hægari bylgjur sem berast með andrúmsloftinu. Hljóð eru því þrýstibylgjur sem skella á hljóðhimninni okkar og berast þaðan um smæstu bein líkamans yfir í miðeyrað sem breytir þeim í rafboð til heilans. Svo mætti halda áfram að tala um þann aragrúa taugaenda sem senda rafboð við snertingu, þrýsting og hitastig.²⁰ *Efnaskyn* sem samnefni yfir bragð og lyktarskyn er önnur leið til að þekkja umhverfi okkar í sameindum.²¹ Skynjun okkar er svo víðtækt viðfangsefni að ég ætla ekki að fara dýpra í það hér, ég hef aðeins minnst á skynfæri okkar til setja í samhengi við verkin mín, sem eru á engann hátt undanskilin frá veraldlegri tilveru, og því viðfangsefni skynjunar okkar. Með skynjun eru öll listaverk metin og meðtekin, þannig geta þau virkað á okkur, heildina

¹⁸ Mex Bain, *The Senses and the Intellect* (J. W. Parker, 1855), bls. 119.

¹⁹ Sama., 433.

²⁰ Ruth Bjorklund, *The Senses* (Marshall Cavendish, 2010), bls. 5.

²¹ Heiða María Sigurðardóttir, “Vísindavefurinn: Hvernig verka skilningarvitin fimm (sjón, heyrn, snerting, bragð og lykt)?,” Desember 9, 2005, <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5259>. Náð í 10.

Janúar 2011

sem við erum. Það sem hefur áhrif á okkur er í raun að hafa áhrif á tilfinningar innra með okkur. Sem listamaður er ég að eiga samtál við tilfinningar og meðvitund áhorfandans. Ég vil finna samhljóm með verkunum, samhljóminn við mína eigin tilveru.

Mín list

Í listsköpuninni hef ég notast við flesta miðla sem ég hef komist með hendur í. Ég hef unnið með; stafræna-, hliðræna-, efniskennda- og huglæga miðla. Ég finn mér samleið með Sigurði Guðmundssyni er sagði: „Til að gera eitthvað gott þá þarf að gera eitthvað sem maður kann ekki.“ Þórður Ben Sveinsson hefur þetta eftir honum í myndinni *Möhöguleikar*, hann bætir svo við, að það sem maður lærir í skóla um listgrein, lærir listformið og setur svo inn það form inntakið. Því er snúið við í listsköpun Sigurðar Guðmundssonar, þar er það „inntakið sem býr til formið“.²² Þar er samhljómur okkar í listinni - það kemur ekkert úr engu. Ég hef ekki svo víðtæka þekkingu á neinu einu formi að mér finnist allt sem ég sé geta verið sett inn í það form. Það þarf allt sinn farveg. Inntakið sem ég hafði fyrst í huga þarf að sníða inn í form sem passar. Því er farið með listaverk einsog með manninn, fyrst verður hann til við fæðingu eftir það þarf meðvitaðar ákvarðanir um stefnu lífsins að vera teknar og ábyrgð tekin á þeim. Það er því ekki að ástæðulausu að sumir listamenn hafi talað um verkin sín sem börnin sín. Því einsog hugmyndin fæðist, hún verður þroskaðri og mótaðri með tímanum sem hún er hugleidd. Þegar hugmyndin fer út frá huganum í orðum, myndum eða hljóðum, þá verður henni að vera fundinn viðeigandi jarðvegur, líkt og barnið sem klárar grunnskólann og þarf að ákveða hvort eða hvaða nám verður fyrir valinu í framhaldsnámi, með tímanum þarf einstaklingurinn að velja sér farveg. Satre lagði áherslu á því að einstaklingar þyrftu að taka ábyrgð á sjálfum sér. „Við erum ekkert annað en það sem við gerum úr okkur með athöfnum okkar og breytni, þannig erum við sífellt að skapa okkur sjálf. Við höfum engar afsakanir til þess að fela okkur á bakvið, við erum það sem við gerum.“²³

²² Ari Alexander Ergis Magnússon, *Möhöguleikar - Sigurður Guðmundsson*, 2002.

²³ Jóhann Björnsson, “Lesbók Morgunblaðsins,” Júlí 5, 2005. Bls. 16. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=260571&pageId=3647097&lang=is&q=sartre þann 15. janúar 2011

Breakfast of Champions (2009)

Það var mér mikil ögrun að koma sjálfum mér fram í sviðsljósið, og vera miðpunktur gjörningsins, einn fyrir framan áhorfendur. Ég gæti næstum sagt að það væri ekki alveg í mínum persónuleika, en fannst það þó mikilvægt skref að stíga, að setja sjálfann mig inn í listina mína. Verkið er persónuleg framsögn á draumum mínum og vonum. Ég lagði á borð tiltöllulega venjulegan morgunverð; skyr, banani, brauð með skinku og osti og glas af safa. Svo hófst ég handa við að sauma morgunverðinn á striga, festa hann kyrfilega svo hann myndi haldast uppi á vegg sem myndverk. Við saumaskapinn blóðgaði ég á mér fingur, ég notaði blóðið til að skrifa titil verksins á strigann. Þá festi ég strigann með morgunverðinum upp á vegg sem var mér nálægur, batt mig í teygjuspotta sem ég hafði fest við ofn hinum megin við ganginn og hófst handa við að berjast við teygjuna, sem hélt mér ávallt frá næringunni. Ég var að vinna með hugmyndir Matthew Barney sem hann setti fram í *Drawing Constraints* seríunni sinni, þegar hann var enn í námi. Þar notaði hann sitt líkamlega þrek til að berjast gegn öflum sem gerðu honum erfiðara fyrir og skildi eftir sig þar af leiðandi ummmerki eftir aðgerðir sínar. Mér fannst ég vera að stilla mig á sömu bylgjulengd og hann, líkt og við værum báðir meistarnir. Mig langar til að vera einsog hann, að vera frjáls í listinni. Því hefur titillinn *Breakfast of Champions* tvöfalda meiningu fyrir mig, með því að líkja eftir Matthew Barney meðan ég snæddi morgunverðinn. Og einnig sem vísun í skáldsögu Kurt Vonnegut, Jr. sem ber sama titil. En þar er rithöfundurinn í sögunni, Kilgore Trout, í endann er hann sá sem fær fullkomið frelsi frá sögumanninum. Þá getur Kilgore gert það sem hann vill.²⁴ Með þessum gjörningi öðlaðist mitt sálartetur einhverskonar fyllingu. Listin opnaðist og mér fannst ég vera á réttri braut. Breakfast of Champions var fyrsta verkið sem ég setti sjálfan mig í hlutverk flytjanda. Næsti gjörningur minn var *Extraordinary* einnig frá árinu 2009.




²⁴ Kurt Vonnegut, *Breakfast of Champions: A Novel* (Dial Press Trade Paperback, 1999).

Extraordinary (2009)

Extraordinary var tilraun mín til að sjá viðbrögð áhorfenda. Skoða og reyna að skilgreina fyrir mér hvar mörkin milli áhorfenda og þátttakenda liggja, hversu langt eru áhorfendur viljugir að ganga? Ef til vill hefur gjörningurinn verið undir áhrifum Marinu Abrohamavic og Yoko Ono. *Extraordinary* fólst í því að setja um það bil 7 sm. langann nagla inn í nefið á mér, með aðstoð áhorfenda.

Ég fékk áhorfendur til að ýta við naglanum þangað til hann var kominn alla leið inn, þá tók ég hann út og setti naglann í hina nösina og hélt áfram þangað til ég var búinn að fara til allra áhorfenda. Listin er ferðalag og því finnst mér þarft að benda á það sem kemur á eftir og á í sambandi við það sem áður var.



Happy – Feeling (2010)



Ég fór út til Utrecht í Hollandi og var þar í rétt tæpa 6 mánuði. Að koma í nýtt samfélag og verða fyrir áhrifum af því og finna út með hverjum við samsvörum okkur, er heilmikil reynsla. Það var mikil breyting fyrir mig að fara út í annað land þar sem ég þekkti lítið sem ekkert til. Ég fór að hugsa mikið um samband fólks, hvernig tilfinningar eru og hvað getur haft áhrif á þær. Ég las allskyns efni um sálfræði og skynfræði, hvernig ljós og annað áreiti verkar á heilabylgjur okkar. Það varð kveikjan að verkinu *Happy-Feeling* sem saman stendur af; viðarkassa (90x90x22cm) sem innihélt vatn, í miðjum kassanum var stórt glas á fæti. Glasið innihélt 60w ljósaperu og vatnslöngu sem var

tengd í vatnspumpu sem stóð fyrir utan glasið ofan í kassanum. Í og við kassann voru 158 þríhyrindir pýramítar úr áli, þeir endurspegluðu ljósi hvor á annan, líkt og endurskinsmerki. Við það lýstist upp rýmið og endurspeglaðist vatnið upp á veggi og loft rýmisins. Einnig setti ég í vatnið ilmdropa. Musk, rósir og mintu sem var mín tilraun til róandi blöndu með upphífanandi keim. Þótt lyktin hafi ekki verið



sterk, fannst keimur af ilminum í loftinu. Meðan á sýningu verksins stóð myndaðist róleg stemning í kringum verkið, fólk tjáði mér að það hefði haft yndi af því að sitja bara nálægt því og hlusta á niðinn í vatninu og horfa á endurspeglunina leika um veggina. Mér fannst einsog ég hefði búið til verk sem geislaði af sér og bar viss einkenni fegurðar. Þetta var svörun mín við heimþránni sem læddist að mér lymskulega. Meðan ég vann að þessu verki og rifjaði upp íslenska náttúru og íslenska myndlist hafði Finnbogi Pétursson áhrif á mig þar sem ég gat ég ekki losnað við verkið hans *Hringur* sem er í húsi Orkuveitu Reykjavíkur úr huga mér.²⁵

Titill verksins *Happy – Feeling* vitnar í það mannlega í okkur, hvernig við þurfum á fólkinu í kringum okkur að halda. Til að við séum ánægð þá þurfum við einhvern til að deila með okkur ánægjunni og við þurfum að endurspegla okkur sjálf í samfélaginu til að átta okkur á stöðu okkar. Að vera á sömu bylgjulengd með fólkinu í kringum okkur er magnað, líkt og stemningin sem myndast við partý og aðrar gleðistundir, þegar allir eru í sömu hæðum þá nær mannsandinn hærra.

Brennifórn (Í Nafni Listarinnar) (2010)

Í nafni listarinnar

Óræða list við erum hér saman komin í auðmýkt, hjartans lítillæti.

Til að auðga andann og fullnægja vitunum. Megir þú opna alla þá er hér eru saman komnir til að við munum skilja og uppljómast.

Í þínu nafni færi ég þessa fórn.

Amen

Ég vil segja að listin geti komið í stað trúar, bæði sem félagslegur þáttur og einnig andlegur þáttur sem snýr að lífsandanum. Með því að gefa okkur á vald listarinnar getum við kannski upphafið hana fyrir okkur upp á það plan sem trúin stendur. Hefur listin ekki verið tungumál trúarinnar? Hvar stæði trúin ef ekki væri fyrir listina sem hefur dreift hennar boðskap? Að færa brennifórn til listarinnar



fannst mér vera vel við hæfi eftir allar þær brennifórnir og helgiathafnir sem hafa

²⁵ “OR.is :: Umhverfi og fræðsla | OR húsverk :: OR húsverk,”

<http://www.or.is/Umhverfiogfraedsla/Fraedsla/Galleri100/ORhusverk/>. Sótt 20. janúar 2011

verið við lýði í trúarbrögðum heimsins. Ég samdi þessa bæn sem ég fór með áður en ég kveikti í verkinu, og er hún án efa nokkuð mikið innblásin af uppeldi mínu þar sem persónulegt bænasamband við guð er í hávegum haft, koma fram í auðmýkt fyrir miklum öflum. Mér fannst það því við hæfi að koma fram fyrir öllum viðstöddum í auðmýkt. Ég byrjaði gjörninginn á því að afklæðast þar til ég stóð eftir á hvítum nærbuxum einum fata. Þá fór ég með bænina mína „í nafni listarinnar“ og kveikti svo upp í verkinu. Verkið saman stóð af pappír sem ég hafði málað og fest í málningunni eldspýtur, þær mynduðu litla viðkvæma skúlptúra á blaðinu og með fram því mynduðu þær ramma. Meðan verkið brann, sem tók um það bil 4 – 5 mínútur, myndaðist áhugaverð stemning meðal áhorfenda. Fyrir mitt leyti sem flytjanda á þessum gjörning þá var ég spenntur að sjá viðbrögð fólksins og athuga hvort áætlun mín um brunann á verkinu myndi í raun ganga upp, það var lítið sem ég hefði getað breytt eftir að ég var búinn að kveikja upp í eldinum. Eftir sýningu verksins var verkið ekki lengur til, það lifir núna bara í minni þeirra sem viðstödd voru og heimildum.

Frelsarinn (2010)



Verkið *Frelsarinn* er himnasæng yfir líkama frelsarans. Í þekktri biblíusögu segir frá þegar Jesús hittir lærisveina sína í þakherbergi, til að snæða með þeim hina „síðustu kvöldmáltíð“. Með þessu verki var ég að varpa ljósi á reglur og athafnir, hvernig hversdagslegir hlutir fá nýtt gildi innan trúarbragða. Til að áhorfendur gætu séð inn í himnasængina þurfti einsog sjá má á myndinni að beygja sig og kíkja undir faldinn. Að „njóta af brauðinu og víninu“ er tákn þess að samþykkja sáttmálann að taka við frelsaranum inn í líf þitt, að innbyrða tákn líkama hans. Vínið var tákn fyrir blóð hans og hið ósýrða brauð

var tákn hans fullkomna holds. Sú athöfn að innbyrða hold hefur löngum verið fordæmt af trúarstofnunum hulunni var sveipað yfir erótíkina, hinir frumkristnu fordæmu íbúa Sódómu og Gómóru sem lifðu í „kynsvalli og falsguða dýrkun“, sem samkvæmt biblíunni lét rigna yfir borgirnar „eldi og brennistein“. ²⁶



²⁶ 1. Mósebók 19.24, 1981.

Hin endanlega fordæming að vera dauðadæmt, það er það öflugasta sem við getum óttast. Eftir dauðann getum við aldrei vitað hvað verður, dauðinn er eini endapunkturinn sem við getum verið viss um.

Niðurlag

Í þessu ljósi sem ég hef varpað á verk mín og samhengi þeirra við umheiminn, hefur það orðið mér ljóst að ég hef iðulega verið í einhverskonar leit innan listsköpun minnar. Að sýna verk sem búa yfir einhverju meira en bara efnislegri tilvist, til að komast að kjarna lífsins innra með mér og vonandi áhorfendum mínum. Fyrir mér er listin miðill sálarlífsins, að tjá tilfinningar eða vekja tilfinningar innra með áhorfandanum. Fagurfræðin að baki list minni byggist helst upp á hlutverki fegurðar og eftirsókn minni eftir vissum huglægum áhrifum. Í ljósi þess sem ég hef sagt um trúarlegt uppeldi mitt og trúarvenjur samfélagsins, hvernig við erum öll mótuð af trúarvenjum og sú staðreynd að við þurfum alltaf að takast á við umhverfið í gegnum okkar skilningsvit og líkama. Ég hef ánægju af því að leika mér að lífinu, að fylgja mínu mannlega eðli að vilja vera hamingjusamur og elskaður. Að standa á minni eigin skoðun og vera minn eigin meistari.

Heimildaskrá

- Ari Alexander Ergis Magnússon. *Möhöguleikar - Sigurður Guðmundsson*, 2002.
- Bain, Mex. *The Senses and the Intellect*. J. W. Parker, 1855.
- Bataille, Georges. *The tears of Eros*. (San Francisco: City Lights Books, 1989).
- Bjorklund, Ruth. *The Senses*. (Marshall Cavendish, 2010).
- DAVIS, LAURENCE. “Morris, Wilde, and Le Guin on Art, Work, and Utopia..”
Utopian Studies 20, nr. 2 (Júní 2009): 213-248.
- Heiða María Sigurðardóttir. “Vísindavefurinn: Hvernig verka skilningarvitin fimm (sjón, heyrn, snerting, bragð og lykt)?,” desember 9, 2005.
<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5259>.
- James, William. *The Varieties of Religious Experience: A Study in Human Nature*. (Wilder Publications, 2007).
- Jóhann Björnsson. “Lesbók Morgunblaðsins,” 7 maí, 2005. Bls. 16. Sótt af
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=260571&pageId=3647097&lang=is&q=sartre.
- “OR.is :: Umhverfi og fræðsla | OR húsverk :: OR húsverk.”
<http://www.or.is/Umhverfiogfraedsla/Fraedsla/Galleri100/ORhusverk/> sótt 17. janúar 2011.
- Valéry, Paul. “Some Simple Reflection on the Body.” In *Fragments for a history of the human body. Part Two*, edited by Michel Feher. (New York: Zone, 1989).
- Vonnegut, Kurt. *Breakfast of Champions: A Novel*. (Dial Press Trade Paperback, 1999).
- Watchtower Bible and Tract Society of New York. *Hvað kennir biblían í raun og veru?* (Watchtower Bible and Tract Society of New York, 2005).
- . *Insight on the Scriptures Vol. 2*. (Watchtower Bible and Tract Society of New York, 1988).

Myndskrá:

Myndir á síðu 4: *Adam og Eva í Eden* úr „Biblúsögubókin okkar“ Watchtower Bible and Tract Society of New York, endurútgefin 2004

Heimskerfi satans úr „Hvað kennir Biblían?“ Watchtower Bible and Tract Society of New York, 2005.

Aðrar myndir eru af egin verkum og í eigu höfundar.